

FÉLAGSDÓMUR

Dómur miðvikudaginn 18. desember 2024.

Mál nr. 9/2024:

Flugvirkjafélag Íslands

(Jón Sigurðsson lögmaður)

gegn

Samtökum atvinnulífsins

vegna Icelandair ehf.

(Sólveig B. Gunnarsdóttir lögfræðingur)

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 27. nóvember sl.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Guðmundur B. Ólafsson og Einar Hugi Bjarnason.

Stefnandi er Flugvirkjafélag Íslands, Borgartúni 22 í Reykjavík.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35 í Reykjavík, vegna Icelandair ehf., Reykjavíkflugvelli í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að Icelandair ehf. hafi brotið í bága við grein 18.3 í kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna Icelandair ehf. með uppsögnum á ráðningarsamningum við ellefu flugvirkja Icelandair ehf. 29. maí 2024.
- Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda

- Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Málavextir

- Mál þetta verður rakið til uppsagna tiltekinna félagsmanna stefnanda sem störfuðu hjá stefnda Icelandair ehf. Fram kom í samhljóða uppsagnarbréfum sem bárust félagsmönnum 29. maí 2024 að „vegna hagræðingaraðgerða“ væri þeim sagt upp starfi með samningsbundnum uppsagnarfresti frá 31. sama mánaðar. Tekið var fram að viðkomandi byðist starf í „Production Base“ en vildi hann ekki þiggja starfið væri fallið frá kröfu um vinnuframlag í uppsagnarfresti.
- Fyrir liggur að uppsagnir félagsmanna stefnanda voru hluti af hópuppsögn sem stefndi tilkynnti Vinnuálastofnun um og mun hafa tekið til 82 starfsmanna í fjölda deilda félagsins.

- 6 Að morgni 27. maí 2024 boðaði stefndi trúnaðarmenn stefnanda á fund klukkan 14:30 sama dag og var formanni stefnanda send SMS-skilaboð þar sem fram kom að honum væri velkomið að koma á fundinn ásamt trúnaðarmönnum. Þar sem formaðurinn var erlendis mætti varaformaður stefnanda á fundinn
- 7 Samkvæmt fundargerð, sem er meðal gagna málsins, var efni fundarins „Áform um hópuppsögn. Upplýsingagjöf og samráð við trúnaðarmenn / fulltrúa starfsmanna, sbr. 5. gr. laga nr. 63/2000 um hópuppsagnir.“ Fram kom að starfsmaður stefnda hefði kynnt áform um hópuppsögn og að félagið hefði „vaxið mikið á undanförunum árum en nú [væri] gert ráð fyrir jafnari vexti sem og áherslubreytingum á verkefnum. Hópuppsögnin [næði] til allra sviða innan félagsins.“ Þá sagði að allt að ellefu félagsmönnum stefnanda yrði sagt upp störfum og að „[v]egna starfsaldurreglna, þá fá þessir aðilar boð um flugvirkjastörf í skýli. Ef viðkomandi hafnar flugvirkjastarfi, þá verður uppsögn.“
- 8 Með bréfi 31. maí 2024 mótmælti stefnandi uppsögnunum og vísaði til þess að þær brytu í bága við grein 18.3 í kjarasamningi aðila, hvort tveggja vegna skorts á tímanlegri tilkynningu um fyrirhugaðan samdrátt og þar sem að starfsaldri hefði ekki verið fylgt. Þess var krafist að uppsagnirnar yrðu dregnar til baka. Með tölvubréfi stefnda 4. júní 2024 var kröfu stefnanda hafnað. Vísað var til þess að upplýst hefði verið um fyrirhugaðar aðgerðir eins tímanlega og unnt hefði verið „í samræmi við lög um hópuppsagnir“ og að trúnaðarmenn ásamt varaformanni stefnanda hefðu mætt til fundarins. Þá sagði meðal annars að flugvirkjum hefði verið „sagt upp núverandi hlutverki (sem ekki var almennt flugvirkjastarf) en vegna starfsaldurs hjá félaginu var þeim öllum boðið flugvirkjastarf hjá félaginu.“
- 9 Stefnandi mótmælti afstöðu stefnda með bréfi 20. júní 2024 og kynnti að málshöfðun væri fyrirhuguð.
- 10 Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur Óskar Einarsson, formaður stefnanda, Guðmundur Úlfar Jónsson, fyrrum formaður stefnanda, Elísabet Helgadóttir, framkvæmdastjóri mannauðs stefnda og Sveina Berglind Jónsdóttir, forstöðumaður mannauðsmála stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 11 Stefnandi byggir á því að stefndi Icelandair ehf. hafi brotið gegn grein 18.3 í kjarasamningi málsaðila með uppsögnum á ráðningarsamningum ellefu flugvirkja. Brot gegn kjarasamningsákvæðinu taki bæði til þess að stefndi hafi ekki gert stefnanda tímanlega grein fyrir fyrirhuguðum samdrætti og ekki farið eftir starfsaldri við uppsagnir flugvirkjanna.
- 12 Byggt er á því að uppsagnirnar hafi stafað af samdrætti í rekstri stefnda. Þessu til stuðnings er vísað til frétt aflutnings 29. maí 2024 um hópuppsögn stefnda þar sem meðal annars hafi komið fram að ætlunin væri að draga úr kostnaði félagsins og að leitað hefði verið til alþjóðlegra ráðgjafa til að greina reksturinn. Þá sýni gögn málsins

að tap hafi orðið á rekstri félagsins fyrsta ársfjórðung 2024 og sé ljóst að ætlunin hafi verið bregðast við tapi með því að skera niður kostnað.

- 13 Skilja verði 2. málslíð greinar 18.3 í kjarasamningi með þeim hætti að gera þurfi tímanlega grein fyrir fyrirhuguðum samdrætti í rekstri sem leiði til uppsagna félagsmanna stefnanda. Á fundi 27. maí 2024 hafi stefndi eingöngu látið fulltrúum stefnanda í té upplýsingar sem hafi lotið að því að uppfylla skyldur samkvæmt lögum um hópuppsagnir. Hafi það meðal annars verið staðfest í fundargerð stefnda þar sem ekki sé minnst á skyldur hans samkvæmt kjarasamningsákvæðinu. Þá hafi fundurinn farið fram tveimur dögum áður en uppsagnir voru tilkynntar og geti upplýsingagjöf stefnda ekki talist tímanleg í skilningi ákvæðisins. Fundurinn hafi jafnframt verið boðaður samdægurs án þess að fundarefnið lægi fyrir. Hafi fyrirvarsmaður stefnanda raunar ekki verið boðaður til fundarins heldur verið kynnt að honum væri velkominn að vera með á fundinum ásamt trúnaðarmönnum. Miklu skipti að gerð sé tímanlega grein fyrir samdrætti og fyrirhuguðum uppsögnum til að stefnandi hafi nægilegt ráðrúm til að bregðast við og gæta hagsmuna félagsmanna sinna. Hafi stefnda borið að upplýsa stefnanda um hvaða starfsmenn fyrirhugað væri að segja upp með fyrirvara svo að unnt væri að kanna hvort starfsaldursröð væri fylgt í samræmi við grein 18.3. Stefnandi hafi aftur á móti ekki fengið upplýsingar um slíkt fyrir en eftir að starfsmenn voru upplýstir um uppsagnirnar. Honum hafi því ekki verið gert kleift að bregðast við fyrirhuguðum uppsögnum og ganga úr skugga um að farið væri eftir starfsaldri við uppsagnirnar.
- 14 Stefnandi byggir jafnframt á því að stefndi hafi brotið gegn grein 18.3 í kjarasamningi með því að hafa ekki við uppsagnir flugvirkjanna farið eftir fortakslausri skyldu til að miða við starfsaldur. Samkvæmt ákvæðinu sé með starfsaldri átt við þann tíma sem viðkomandi hafi starfað sem sveinn í iðninni hjá stefnda. Ráðið verði af starfsaldurslista, sem sé meðal gagna málsins, að enginn þeirra flugvirkja sem sagt var upp störfum hafi verið meðal þeirra sem höfðu stystan starfsaldur í iðninni. Ljóst sé að starfsaldursreglan taki til stefnda sem flugfélags í heild sinni, það er Icelandair samstæðunnar auk núverandi og þáverandi dótturfélaga. Þeir flugvirkjar sem um ræðir hafi allir starfað hjá stefnda og gildi kjarasamningur aðila um störf þeirra, svo sem tiltekið sé í ráðningarsamningum. Það hafi ekki þýðingu hvar innan samstæðunnar flugvirkjarnir hafi starfað eða við hvers konar verkefni, enda sé skylda stefnda til þess að miða uppsagnir við starfsaldur fortakslaus. Standist því ekki röksemdir í tölvubréfi stefnda 4. júní 2024 um að máli hafi skipt hvort flugvirki hafi verið í „almennu flugvirkjastarfi“ og að þær stöður sem um ræðir hafi ekki fylgt starfsaldri.
- 15 Stefnandi vekur athygli á því að stefndi hafi í reynd viðurkennt í punktum vegna fundarins 27. maí 2024 að um uppsagnir flugvirkja úr starfi hafi verið að ræða og að honum hafi verið skylt að fara að starfsaldursákvæði kjarasamnings. Sýni það hversu mótsagnakenndur málalítilbúnaður stefnda sé. Áréttað er að allir þeir flugvirkjar sem

þurftu að þola uppsagnir hafi starfað samkvæmt kjarasamningi aðila og að tilkynningu um hópuppsögn hafi verið beint til Vinnumálastofnunar.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 16 Stefndi byggir á því að grein 18.3 í kjarasamningi eigi ekki við um þær aðgerðir stefnda sem málið lýtur að. Uppsagnir flugvirkjanna hafi ekki verið vegna samdráttar hjá félaginu og eigi ákvæðið því ekki við. Þá hafi markmið aðgerðanna ekki verið að fækka félagsmönnum stefnanda sem starfa hjá stefnda, enda gert ráð fyrir að fleiri félagsmenn gegndu flugvirkjastarfi eftir þær. Lögð er áhersla á að öllum félagsmönnum stefnanda hafi verið boðið áframhaldandi starf í iðn sinni hjá stefnda en í öðrum deildum eða án stjórnendastöðu. Hafir allir nema tveir félagsmenn þegið boðið.
- 17 Stefndi tekur fram að áhrif breytinganna á þá félagsmenn stefnanda sem um ræðir hafi verið misjafnar. Þrír þeirra hafi gegnt almennum flugvirkjastörfum en jafnframt verið falin stjórnendaábyrgð og verið sagt upp þeim hluta starfs síns en verið boðið að sinna áfram hefðbundnu flugvirkjastarfi. Einum félagsmanni hafi verið boðið áframhaldandi flugvirkjastarf í annarri deild þar sem verkstæðið sem hann starfaði á var lagt niður. Sjö félagsmenn hafi starfað sem sérfræðingar á skrifstofum eða annast verkstjórn í ýmsum deildum og hafi þær stöður meðal annars verið lagðar niður eða fækkað í viðkomandi teymi. Ýmsar ástæður hafi búið að baki ákvörðun stefnda um uppsagnir félagsmannanna, svo sem ofmönnum deilda, sameining hópa og minni þörf á stjórnendum á tilteknum sviðum.
- 18 Fram til þessa hafi ekki verið ágreiningur milli aðila um að stefndi geti sagt félagsmönnum stefnanda upp stöðu hópstjóra án tillits til stöðu á starfsaldurslista og án samráðs um meintan samdrátt. Hafi til að mynda hópstjórum fækkað um sjö á árinu 2023 en þeir haldið flugvirkjastörfum sínum. Þá hafi flugvirkjum í sérfræðistörfum á skrifstofu verið sagt upp þeirri stöðu árið 2020 en boðið að fara í almenn flugvirkjastörf. Stefndandi hafi ekki gert athugasemdir við að starfsaldurlista hafi ekki verið fylgt við þessar fyrri aðgerðir. Þá hafi líkt og nú verið gætt að því að félagsmenn stefnanda sem höfðu lengstan starfsaldur héldu flugvirkjahluta starfsins eða væri boðið starf sem flugvirkjar í skýli.
- 19 Stefndi vísar til þess að í kjölfar uppbyggingar félagsins eftir heimsfaraldur hafi verið lögð áhersla á að auka skilvirkni í rekstri og stuðla að góðum árangri til framtíðar litið. Liður í því hafi verið að aðlaga skipulag stefnda að markaðsaðstæðum og framtíðaráformum. Til að ná þeim markmiðum hafi skipulag verið einfaldað og stjórnendum fækkað. Aðgerðirnar hafi náð til ellefu starfa sem félagsmenn stefnanda hafi gegnt og enn fremur til fjölda annarra starfsfélaga þeirra í sömu deildum. Þeim félagsmönnum stefnanda sem um ræðir hafi verið boðið að starfa áfram sem flugvirkjar hjá stefnda. Það sama hafi ekki átt við um félagsfólk í öðrum stéttarfélagum.

- 20 Stefndi mótmælir fullyrðingu stefnanda um að óumdeilt sé að aðgerðirnar hafi verið vegna samdráttar í rekstri, sbr. grein 18.3 í kjarasamningi. Um hagræðingaraðgerðir hafi verið að ræða þar sem vöxtur stefnda hafi náð ákveðnu jafnvægi eftir hraða enduruppbyggingu og vöxt. Kominn hafi verið tími til að einfalda skipulag, straumlínulaga ferla, auka skilvirkni og bæta samkeppnisstöðu stefnda. Umræddar aðgerðir hafi því ekki verið afleiðing samdráttar í rekstri í skilningi greinar 18.3 í kjarasamningi. Eðli málsins samkvæmt hafi ekki verið haft samráð við stefnda um ætlaðan samdrátt og ekki verið skylt að fylgja starfsaldurslista.
- 21 Stefndi vísar til þess að ekki hefði verið unnt að ná því markmiði að hagræða og straumlínulaga ferla með því að segja upp félagsmönnum stefnanda sem hafi verið með stystan starfsaldur í iðninni flugvirkjun. Ekki hafi verið talin þörf á þeim sérfræðistöðum á skrifstofu eða stjórnendastöðum sem þeir félagsmenn sem var sagt upp höfðu gegnt. Aðgerðirnar hafi falið í sér breytingar á ráðningarsamningum viðkomandi félagsmanna og verið í samræmi við almennar reglur vinnuréttar um að atvinnurekendur hafi ákvörðunarvald um hvaða störf sé þörf á við rekstur fyrirtækis og geti í krafti stjórnunarréttar lagt störf niður. Standist til að mynda ekki að stefnda sé skylt að segja upp flugvirkja í skýli sem full þörf sé fyrir en óheimilt að segja upp þeim sem gegni störfum sem ekki sé lengur þörf á.
- 22 Verði talið að grein 18.3 í kjarasamningi eigi við byggir stefndi á því að hann hafi fylgt fyrirmælum ákvæðisins. Stefndi hafi boðað trúnaðarmenn og fyrirsvarsmenn stefnanda til fundar eins tímanlega og unnt var og haft samráð við þá. Ekki sé tiltekið að boða beri formann stéttarfélagsins eða fyrirsvarsmann og hafi stefndi réttilega boðað trúnaðarmenn sem séu fulltrúar stéttarfélags á vinnustað. Þá sé unnt að uppfylla skyldu til samráðs samkvæmt kjarasamningi og lögum nr. 63/2000 um hópuppsagnir á sama fundi. Fulltrúar stefnanda hafi verið upplýstir um fyrirhugaðar uppsagnir og að félagsmönnum yrðu boðin flugvirkjastörf í skýli, en með því hafi stefndi virt að fullu ákvæði kjarasamnings um starfsaldur. Kjarasamningur aðila verði ekki skilinn með þeim hætti að stefnda sé óheimilt að breyta störfum og leggja niður í samræmi við breytingar á starfsemi félagsins eða tækniframfarir. Leiði slíkar aðgerðir til fækkunar félagsmanna stefnanda geti stefndi boðið þeim sem hafa lengri starfsaldur störf sem þörf sé á að sinna hjá félaginu, svo sem almenn flugvirkjastörf. Áréttar stefndi að þeir sem hafi mátt þola uppsagnir hafi fengið boð um flugvirkjastarf og hafi staða allra á starfsaldurslista verið óbreytt eftir aðgerðirnar.

Niðurstaða

- 23 Mál þetta, sem lýtur að ágreiningi um skilning á kjarasamningi, heyrir undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
- 24 Það er ágreiningslaust að kjarasamningur málsaðila tók til þeirra ellefu félagsmanna stefnanda sem fengu uppsagnarbréf 29. maí 2024 og að um uppsagnir í skilningi vinnuréttar var að ræða. Svo sem rakið hefur verið greinir aðila á um hvort borið hafi

að fylgja grein 18.3 í kjarasamningi við uppsagnir starfsmannanna. Ákvæðið var fyrst að finna í kjarasamningi 9. nóvember 2004 en tók breytingum með kjarasamningum 31. desember 2019 og 10. maí 2020. Það er nú svohljóðandi:

Komi til uppsagnar vegna samdráttar í rekstri skal farið eftir starfsaldri sem sveinn í iðninni hjá Icelandair Group, forvera þess og dótturfélögum núverandi og þáverandi (þar telst sá tími sem fyrirtækið var í eigu Icelandair Group). Icelandair ehf. er skylt að gera FVFÍ tímanlega grein fyrir fyrirhuguðum samdrætti. Með starfsaldri er átt við þann tíma sem viðkomandi hefur starfað sem sveinn í iðninni hjá félaginu. Við endurráðningar eftir samdrátt í rekstri skal á sama hátt farið eftir starfsaldri. Sveinar í iðngreininni “flugvirkjun” skulu þó alltaf ganga fyrir í ráðningum óháð starfsaldri. Sama gildir um uppsagnir þá skulu sveinar í iðngreininni “flugvirkjun” halda vinnu umfram nema í iðngreininni óháð starfsaldri er kemur að uppsögnum.

- 25 Samkvæmt orðalagi kjarasamningsákvæðisins ber við uppsagnir starfsmanna, sem verða raktar til „samdráttar í rekstri“, að fara eftir starfsaldri en með því er átt við þann tíma sem viðkomandi hefur starfað sem sveinn í iðninni hjá stefnda. Þá er stefnda við þessar aðstæður skylt að gera stefnanda „tímanlega grein fyrir fyrirhuguðum samdrætti.“ Ákvæðið tekur þannig ekki til hvers konar uppsagna félagsmanna stefnanda heldur eingöngu til uppsagna vegna samdráttar í rekstri stefnda. Hvorki liggja fyrir gögn um aðdraganda þess að ákvæðið var fest í kjarasamning né um þau markmið sem samningsaðilar stefndu að. Hvað sem því líður verður að virtu efni ákvæðisins lagt til grundvallar að ætlun samningsaðila hafi verið að tryggja að við uppsagnir vegna samdráttar í rekstri sætu þeir félagsmenn stefnda sem hefðu lengstan starfsaldur fyrir um störf í iðninni. Þannig hafi verið samið um að stefnda bæri að miða uppsagnir við starfsaldur þegar fækka þyrfti þeim sem störfuðu við iðnina vegna samdráttar í rekstri félagsins.
- 26 Svo sem rakið hefur verið greinir aðila á um hvort uppsagnirnar hafi átt rætur að rekja til samdráttar í rekstri stefnda í skilningi kjarasamningsákvæðisins. Stefndi leggur áherslu á að um hagræðingaraðgerðir hafi verið að ræða í því skyni að auka skilvirkni í rekstri og aðlaga skipulag stefnda að markaðsaðstæðum. Færð hafa verið rök fyrir því að ekki hafi verið ætlunin að fækka flugvirkjum sem starfa hjá stefnda vegna samdráttar heldur hafi breytingar á rekstrinum leitt til þess að ekki var lengur talin þörf á störfum sem viðkomandi starfsmenn gegndu, svo sem stjórnendastöðum og sérfræðistöðum á skrifstofu félagsins. Málalíbúnaður stefnda fær að þessu leyti stoð í skýrslum framkvæmastjóra mannauðs og forstöðumanns mannauðsmála fyrir Félagsdómi. Stefndandi vísar aftur á móti til fréttaflutnings frá 29. maí 2024 vegna hópuppsagnar stefnda þar sem meðal annars hafi komið fram að forstjóri félagsins hygðist velta öllum steinum á kostnaðarhliðinni og hefði leitað til alþjóðlegra ráðgjafa til að gera greiningu á rekstrinum. Þá hefði verið tap á rekstrinum á fyrsta ársfjórðungi

2024 og markmið stefnda bersýnilega verið að draga úr kostnaði félagsins með uppsögnum starfsmanna.

- 27 Fyrir liggur að þeim félagsmönnum stefnanda sem var sagt upp var öllum boðið að sinna áfram störfum hjá stefnda sem flugvirkjar. Var það í uppsagnarbréfum orðað með þeim hætti að þeim byðist starf í „Production Base“ og munu flestir starfsmannanna hafi gengist við því boði. Verður því fallist á með stefnda að með aðgerðunum hafi ekki verið ætlunin að fækka félagsmönnum stefnanda sem starfa hjá félaginu, enda var þeim boðið að starfa áfram við iðnina hjá félaginu. Þá telst að sama skapi sýnt fram á að uppsagnir þeirra félagsmanna sem um ræðir hafi átt rætur að rekja til mats stefnda á því hvaða störf þjónuðu helst starfseminni, þar sem meðal annars hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á tilteknum stjórnendastörfum.
- 28 Samkvæmt öllu framansögðu og að virtum atvikum verður ekki fallist á að stefnda hafi borið að fylgja grein 18.3 í kjarasamningi í aðdraganda þess að félagsmönnum stefnda var sagt upp. Verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af kröfum stefnda.
- 29 Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Samtök atvinnulífsins vegna Icelandair ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, Flugvirkjafélags Íslands.

Málskostnaður fellur niður.